

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Vestmannaeyja, nr. 219 14. desember 1962.

Atvinnumálaráðuneytið, 13. febrúar 1968.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

REGLUGERÐ

**um viðauka við reglugerð nr. 118 9. september 1954,
um sölu og veitingar áfengis.**

1. gr.

Við reglugerðina bætist svo hljóðandi:

Ákvæði til bráðabirgða.

Álagning samkvæmt 8. gr. skal þó eigi vera hærri að krónutölu en hún var 11. október 1967.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt áfengislögum nr. 58 24. apríl 1954, öðlast þegar gildi.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 14. febrúar 1968.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um innheimtu ýmissa gjalda með viðauka.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota heimild laga frá 20. janúar 1968 og innheimta á árinu 1968 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 100% viðauka stimpilgjald af afsölum fyrir fasteignum.
- b. Með 140% viðauka stimpilgjald af öðru en afsölum fyrir fasteignum og leyfisbréfagjöld, önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 104/1965.
Afsöl fyrir skráningarskyldum skipum eru undanþegin álagi.
- c. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkvæmt lögum nr. 60/1939, nema af gosdrykkjum samkvæmt 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkvæmt 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkvæmt 1. tölulið 3. kafla, sem er undanþegið álagi.